

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um frest til að skila umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2022.

1. Frestur til að skila umsóknum um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2022, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1640/2021, er til 31. maí 2022 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið sendar rafrænt á netfangið umsoknir@skatturinn.is fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skatt- eða gjaldstofnar vegna tekjuársins 2021 séu a.m.k. 25% lægri en þeir stofnar sem fyrirframgreiðslan ákvarðast af, þ.e. á tekjuárinu 2020, og að álögð gjöld 2022 muni af þeim sökum að lágmarki verða 100.000 kr. lægri en var við álagningu 2021.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun á fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2022 ásamt lögboðnum fylgiskjölum, þ.m.t. ársreikningi. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2022 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1640/2021 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. janúar 2022.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 20. janúar 2022